

Skóla- og frístundasvið

Reykjavíkurborgar

Gullborg

2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	3
1 Greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	5
2 Um innra mat í leikskólum	8
2.1 Greinargerð deildarstjóra Guludeildar um starfið á síðasta ári	9
2.2 Greinargerð deildarstjóra Bláudeildar um starfið á síðasta ári	11
2.3 Greinargerð deildarstjóra Rauðudeildar um starfið á síðasta ári	13
2.4 Greinargerð deildarstjóra Grænudeildar um starfið á síðasta ári	15
2.5 Greinargerð deildarstjóra Regnbogadeildar um starfið á síðasta ári	17
3 Ytra mat	19
3.1 Viðhorfsskönnun meðal starfsmanna	19
4 Greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	20
5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	21
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	24
7 Foreldrasamvinna	26
8 Samstarf leik- og grunnskóla	27
9 Skipulagsdagar 2018-2019.	28
10 Fylgigögn	29
10.1 Matsgögn	29
10.2 Umsögn foreldraráðs	30

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin fær umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og er skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráð til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans:

Barn sem hefur sterka sjálfsmynd og trú á eigin getu verði virkur þátttakandi í að velja og hafa áhrif á nám og umhverfi sitt.

- Að barnið öðlist sjálfsöryggi (það sem barnið er) og sjálfstraust (það sem barnið lærir) og að þetta tvennt haldist í hendur.
- Að barnið öðlist virðingu og viðurkenningu og læri að treysta á eigin verðleika.
- Að barnið finni öryggi, kunni að sýna frumkvæði og að taka tillit til annarra.
- Að barnið öðlist færni í að þekkja sínar eigin tilfinningar og skoðanir, setja öðrum mörk og að koma þeim á framfæri og taka á móti skoðunum annarra.
- Að barnið öðlist færni, leikni og getu til að afla sér nýrrar þekkingar, tækifæra til breytinga og að hafa áhrif á námsumhverfi sitt.
- Að barnið finni að það er virkur þátttakandi í að taka sjálfstæðar ákvarðanir sem auka hæfni í mótun sjálfsmyndar.

1 Greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Það sem einkenndi starfið síðasta vetur var að mestu út frá umbótaáætluninni sem við settum okkur fyrir veturinn 2017-2018, líðan og velferð barna í leikskólanum og vinna að umbótum í vinnuumhverfi og vinnuaðstöðu starfsmanna samkvæmt úttekt Vinnueftirlitsins í mars 2017.

Hver deild mat líðan og velferð barnanna út frá viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mati leikskólastarfs sem Skóla og frístundasviði gaf út 2014, bls 40.

Viðmið um gæðastarf um líðan og velferð barna eru eftirfarandi:

- Börnunum líður vel í leikskólanum
- Börnin eru glöð og áhugasöm
- Milli barnanna ríkir virðing og samkennd
- Reglur eru skýrar, samræmdar og börnin þekkja þær vel
- Starfsfólk er uppbyggjandi þegar það leiðbeinir börnum í samskiptum
- Áhersla er lögð á það sem börnin gera vel
- Börnin eru þátttakendur í að búa til reglur þegar það á við
- Börnin fá hvatningu og hrós sem er ígrundað
- Brugðist er við krefjandi hegðun af fagmennsku
- Samtöl starfsfólks við börnin eru uppbyggileg og hvetjandi
- Börnin fá tækifæri til að leysa sjálf úr ágreiningsmálum
- Starfsfólk sýnir sanngirni þegar það aðstoðar börnin í að leysa ágreiningsmál



Börn og foreldrar tóku einnig þátt í matinu um velferð og líðan barnanna, sjá niðurstöður úr samantekt deilda.

Starfsmenn á hverri deild gera umbótaáætlun fyrir 2018-2019 út frá niðurstöðum matsins, sjá samantekt deilda. Í kjölfarið af þessari vinnu komu fram þættir sem við ræddum mikið sem þörf var á að laga eins og að skapa meira jafnvægi og gæði í daglegu starfi með börnunum, auka gæði í hópastarfi, vinna meira með einn þátt til lengri tíma í hópastarfi, gefa börnunum enn meira rými til að leiða starfið í leikskólanum í gegnum leik og skapandi starf og hætta að krefja þau um að ljúka verkefnum á ákveðnum tíma heldur veita þeim mun meira frelsi til að stjórna ferðinni sjálf.

Vinnueftirlitið kom í sína árlegu eftirlitsferð í mars á sl. ári og gerði nokkrar athugasemdir er varðar starfsmannarými og vinnurými fyrir starfsmenn. Öryggis- og trúnaðarmaður í Gullborg gerðu aðgerðaráætlun vegna áhættumat út frá þessum niðurstöðum samkvæmt vinnuverndarlögum nr. 46/1980 um öryggi og vellíðan á vinnustað.

Mikil og skemmtileg vinna fór í að rýna í þessa þætti sem við teljum að þurfi að vera til staðar svo að starfsumhverfi og líðan barna og starfsmanna samræmist námskrá leikskólans og viðmiðum um gæðastarf leikskóla. Eftir veturinn teljum við okkur skrefinu nær í að auka velferð og líðan barnanna og minnka álag starfsmanna í leikskólanum.

Í samstarfi við foreldraráð Gullborgar höfum við sett okkur markmið til lengri tíma að skoða leikskólabrag Gullborgar samkvæmt viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs það eru viðmót og menningu leikskólans, þátttöku foreldra, upplýsingamiðlun og viðhorf foreldra til leikskólans út frá viðmiðum og vísbendingum fyrir innra mat á gæðum leikskólastarfsins, sjá [fylgiskjal nr 1 langtímaáætlun um innramat](#).

Fyrr í vetur ákvað Skóla og frístundasvið að viðbótarhúsnæðið sem hefur tilheyrt Gullborg frá 2011 færist yfir í frístund í Grandaskóla, Undralands. Vöntun á húsnæði fyrir frístund hefur verið mikil í nokkur ár. Næsta vetur verður Gullborg því aftur fjögurra deilda leikskóli. Það er gaman að horfa til baka því í upphafi var Gullborg aðeins þriggja deilda leikskóli. Árið 1995 var fjórða deildin byggð við og árið 2011 var viðbótarhúsnæði bætt við og Gullborg varð fimm deilda leikskóli.

Þegar mest var voru 106 börn í Gullborg á fimm deildum en næsta haust verða 76 börn í heildina á fjórum deildum. Við sóttum um fækkun sem er þáttur í að bæta starfsumhverfi starfsmanna og auka rými barna með breytingum á rekstraleyfi leikskólans og að fara í aðgerðir sem tryggja að húsnæði og umhverfi henti starfsemi leikskólans.

Borgarráð samþykkt 21. mars sl. að fækka börnum í leikskólum borgarinnar í áföngum.

Starfsmannahald hefur verið nokkuð stöðugt 2017-2018. Fjórir starfsmenn hættu í Gullborg sl. vetur, einn fór í fæðingarorlof og tveir eru í langtímaveikindum. Fjórir nýir starfsmenn voru ráðnir um áramótin. Vegna manneklu um áramót þurfti að senda börn fjórum sinnum heim og lokun leikskólans færð til kl. 16.30. Starfsmenn hafa verið gríðarlega ánægðir með að loka kl. 16.30 það gerir það að verkum að fleiri starfsmenn eru mættir til vinnu þegar flest börn eru mætt það er ótrúlegt hvað þessi hálfí tími gerir mikið.

Í haust verða hinsvegar miklar breytingar þegar Regnbogadeild lokar og þess vegna verður starfsmannahaldið betra og engin mannekla þá getum við frá og með 7.ágúst haft leikskólann opin til kl. 17.00 aftur á ný.

En góður, samhentur og umfram allt skemmtilegur starfsmannahópur einkenndi starfið síðasta vetur. Í kjölfar þess að leikskólinn verður fjögurra deilda þurftum við að segja upp starfsfólki en það hefur aldrei gerst á rúmlega 30 ára starfsferli leikskólastjóra. Flestir starfsmenn ætla að halda áfram að vinna í Gullborg en tveir eru að fara í nám.

Foreldrasamstarf hefur gengið mjög vel líkt og síðustu ár. Foreldrar eru duglegir að leita til okkar og koma með ábendingar ef eitthvað er og vilja eiga gott samstarf við alla starfsmenn. Foreldrafélagið stóð fyrir mörgum skemmtilegum uppá komum fyrir börnin í leikskólanum og höfðum starfsmennirnir ekki síður gaman af.

Samstarf við Grandaskóla, Grandaborg og Ægisborg hefur verið farsælt og í stöðugri þróun. Eftir að þriggja ára þróunarverkefninu lauk „Læsi í leiðinni“ hefur samstarfið fest sig í sessi. Í vor tókum við öll þátt í Barnamenningarhátíð Reykjavíkur með sýningu í Borgarbókasafninu í Grófinni.

Þróunarverkefnið okkar Heilsueflandi leikskóli á vegum embætti landlæknis er enn í vinnslu og þróun. Markmiðið er að vinna markvisst að heilsueflingu og gera hana að hluta af daglegu starfi leikskólans. Heilsueflandi leikskóli mun leggja sérstaka áherslu á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólastarfinu. Þeir eru: hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk. Unnin verður aðgerðaáætlun næsta vetur í samstarfi við börn og foreldra.


[Landlæknir-Heilsueflandi](#)

Ákveðið hefur verið að starfsmenn leikskólans fari í námsferð dagana 2.-3. maí og mun leikskólinn loka þessa tvo daga. Ferðanefndin er að störfum og munum við ákveða hvert farið verður í byrjun hausts 2108.

2 Um innra mat í leikskólum

Í innra mati er gert mat á skólastarfi byggt á námskrá leikskólans og eða áherslum leikskólans og SFS. Skoðað er hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreina hvaða leiðir þarf að fara til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. Metið er sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.

Matið er hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað gera skal í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggðar eru á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaáætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.



Leiðbeiningar um innra mat leikskóla, bls. 8.

Gerð er matsáætlun/umbótaráætlun og gerð grein fyrir hvað þættir í leikskólastarfinu er áætlað að meta og/eða bæta. Hver deild/sérkennsla skilar matsáætlun út frá námskrá leikskólans og markmiðum sem sett eru í upphafi skólaárs ásamt stuttri greinagerð deildarstjóra/sérkennslustjóra um hvað og af hverju matsþættirnir voru valdir fyrir starfsárið út frá niðurstöðum líðandi starfsárs (2017-2018).

2.1 Greinargerð deildarstjóra Guludeildar um starfið á síðasta ári

Þessi vetur hefur gengið vel miðað við margar og dreifðar aðlaganir barna og breytingar á starfsfólki. Fyrstu fimm börnin komu í aðlögun í september, fjögur í október, eitt í desember, eitt í janúar, eitt í apríl og svo fjögur í júní. Af þessum börnum voru þrjú starfsmannabörn sem byrjuðu rétt um eins árs og ekki var tekið tillit til þess þegar kom að mönnun deildarinnar. Við vorum tveir kennarar til að byrja með auk eins starfsmanns sem sá um sérkennslu. Starfsmannahaldið hefur verið mjög breytilegt á deildinni en nú eru þrír starfsmenn og ekki þörf á sérkennslu hjá okkur lengur.

Hópastarfið var skemmtilegt í vetur, við vorum að vinna með sjálfsmyndina fyrir áramót. Börnin sungu lög um líkamann, þau fengu að mála með höndum og fótum, og líkamshreyfingu. Eftir áramót var þemað ljós og skuggi, börnin elska að leika með vasaljós og það var sérstaklega gaman að sjá þau uppgötva skuggann sinn. Hafið var þema fyrir dag jarðar og gerðum við margt í tengslum við það t.d. fara í fiskbúðina, skoða hafið, skoða fiska og búa til sjóskrímsli.

Við höfum verið að vinna markvisst með vináttuna hjá börnunum. Við erum að syngja og ræða um vináttu og hvað við getum gert sem vinir.

Foreldrasamstarf gekk vel. Kynningafundur fyrir foreldra var haldin um haustið. Tvö foreldraviðtöl voru í boði og gátu allir séð sér fært að mæta. Deildarstjóri reyndi að senda fréttir í hverri viku til foreldra til að leyfa þeim að fylgjast með starfinu. Einnig vorum við dugleg að setja myndir og myndbönd inn á Instagram við góðar undirtektir.

Innra mat Guludeildar

Eftir að hafa farið í gegnum innra matið kom í ljós að börnunum líður vel í leikskólanum og að þau eru glöð og áhugasöm. Við sjáum það með því að skoða og horfa á líkamstjáningu þeirra. Virðing og samkennd á milli barnanna er kannski ekki alltaf til staðar þar sem þau eru frekar ung og eru enn að læra. Reglur eru skýrar á milli starfsmanna og börnin eru fljót að tileinka sér þær. Starfsfólkið leiðbeinir börnunum á uppbyggjandi hátt með því að segja hvað þau eiga að gera í stað þess hvað þau eiga ekki að gera. Börnin fá mikið hrós fyrir það sem þau eru að gera og það sem þau gera vel. Lögð er áhersla á öryggi og hlýju milli starfsmanna og barna.

Þegar börnin sýna krefjandi hegðun þá ræðum við starfsmennirnir saman og samræmum okkur. Við erum sítalandi við börnin og eigum góðar og skemmtilegar samræður við þau. Það

fer eftir aðstæðum hvort börnin fá tækifæri til að leysa sín ágreiningsmál. Þau eru frekar ung og orðaforðinn ekki alltaf komin langt. En við erum tilstaðar og fylgjumst með. Við reynum eftir fremsta megni að sýna sanngirni þegar verið er að aðstoða börnin, við ræðum við þau og hjálpum þeim að finna niðurstöðu sem allir geta verið sáttir með.

Send var út könnun um miðjan maí til foreldra um líðan barna þeirra á leikskólanum. Allir foreldra svöruðu á Guludeild. Við vorum frekar ánægð með niðurstöðurnar og voru þær að okkur fannst mjög lýsandi fyrir okkar starf. Við útbjuggum umbótaáætlun út frá niðurstöðum því auðvita má alltaf eitthvað betur fara eða gera öðruvísi.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /
Virðing og samkennd á milli barnanna	Að börnin geti leikið saman eða nálægt hvort öðru án þess að lenda saman.	Með því að ræða við börnin, lesa bækur um vináttu, Sýnikennsla, Að vera fyrirmynd.	Júní 2018, Lokið júní 2019	Allir starfsmenn deildarinnar.	Endurmeta á deildarfundu m og skráningar einu sinni í viku	Auka vellíðan barna.
Auka vellíðan barna í samverus tundum	Að hvert barn njóti sín í samveru.	Skoða samverurnar, hvað erum við að gera? fá börnin einhverju að ráða?	Júní 2018 – júní 2019.	Allir starfsmenn deildarinnar.	Endurmeta á deildarfundu m, upptökur á samveru og skráningar.	Auka gleði og þátttöku barnanna.

2.2 Greinargerð deildarstjóra Bláudeildar um starfið á síðasta ári

Hressir krakkar byrjuðu á Bláudeild í haust með frábærum kennurum. Fyrstu vikurnar voru börnin að aðlagast hvort öðru, kennurunum og að vera í leikskóla.

Hópastarfið byrjaði í október og var þemað sjálfsmyndin. Við lögðum áherslu á hreyfingu, tónlist, lífsleikni og listaskálann og blönduðum sjálfsmyndinni þar inn í.

Sögustundirnar hafa verið skemmtilegar hjá okkur. Börnin eru mjög hrifin að bókum og biðja oft um að láta lesa fyrir sig. Við höfum sagt þeim sögur án bóka t.d Rauðhetta, Geiturnar þrjár, Pétur og úlfurinn og Grísirnir þrír. Þá notum við leikefni eins og dýr og tröll og loðtöfluna. Í allan vetur vorum við að vinna með ákveðin verkefni eins og orð vikunnar, leikhóp og tákn með tali.

Eftir áramót var áherslan á þemaverkefni. Í janúar vorum við að vinna með ljós og skugga, í febrúar og mars var svo þemað hafið. Unnið var með sjóskrímsli í listaskálanum, börnin skoðuðu, teiknuðu, máluðu og bjuggu til sjóskrímsli á mismunandi hátt.

Innra mat Bláudeildar

Í júní voru starfsmenn að vinna með innra mat leikskólans og horfðu til velferðar og líðan barnanna. Niðurstöður innra mats sýndu að á Bláudeild ríkir virðing og samkennd milli barnanna, starfsfólk er uppbyggjandi þegar það leiðbeinir börnum í samskiptum og starfsfólk sýnir sanngirni þegar það aðstoðar börn við að leysa ágreiningsmál.

Send var út könnun um miðjan maí til foreldra með spurningum um líðan barna þeirra í leikskólanum. Svörun var ágæt en 16 foreldrar af 20 svöruðu könnuninni. Bláadeild kom ágætlega út en þar sáum við á nokkrum stöðum hvað við megum gera betur og hjálpaði okkur við að útbúa umbótaráætlunina.

Einnig var gerð grein fyrir umbótum sem deildin ætlar að vinna með og meta á starfsárinu 2018-2019. Umbótaþættir eru að auka frumkvæði og að efla sjálftraust barna í leik, að allir starfsmenn á deildinni vinna með sömu reglurnar, að börnin fá ígrundað hrós og hvatningu, að allir starfsmenn kunna að bregðast við krefjandi hegðun með fagmennsku og að auka gleði og þátttöku barna í samverustund.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðil i	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmi?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rý- nihópur, safna gögnum).	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Auka frumkvæði, efla sjálftraust barna í leik og líðan	Efla og styrkja börn í leik.	Gefðu 10.	Maí 2018. Lokið júní.2019.	Allir starfsmenn deildarinnar.	Skráning á deildarfundum og á gefðu 10 upp á vegg.	Aukin vellíðan barnanna.
Samræmda reglur	Allir starfsmenn vinna eins.	Útbúa reglur sem allir vinna eins að.	Sept.2018- ?.	Allir starfsmenn deildarinnar.	Skrifa reglurnar niður og ræða á deildarfundum.	Vinna allir eins. Samræmdar reglur.
Hrós +hvatning	Markvisst hrós og hvatning ígrunduð.	Fara yfir hróslistann og velja góð hrós.	Júní2018- júní.2019.	Allir starfsmenn deildarinnar.	Skráningar í hópastarfi og frjálsum leik.	Hrós og hvatning uppbyggileg.
Krefjandi hegðun	Brugðist sé við krefjandi hegðun.	Samræma vinnulag, allir starfsmenn séu að vinna eins.	Sept.2018 júní.2019.	Allir starfsmenn deildarinnar.	Skrifa niður hvernig við viljum hafa deildina og vinnulagið.	Samræmdar reglur sem allir starfsmenn vinna með á deildinni.
Auka gleði og þátttöku barna í samverustund	Hvert barn njóti sín í samveru.	Skoða samverustundir barna. Hafa fleiri og minni hópa í samverum.	2018-2019	Deildarstjóri og starfsmenn.	Skráningar einu sinni í viku.	Aukin gleði og þátttaka barna.

2.3 Greinargerð deildarstjóra Rauðudeildar um starfið á síðasta ári

Veturinn á Rauðudeild hefur gengið vel. Við breyttum út frá hinu hefðbundna hópastarfi á haustönn og fórum í að kynna okkur mismunandi efnivið. Eftir þá kynningu vann hvert og eitt barn að jólagjöf til foreldra sinna og notaðist við fyrri þekkingu úr kynningu á þessum mismunandi efnivið. Á vorönn tók þemavinna í tengslum við dag jarðar við. Þemað var hafið og kynntum við okkur dýralífið í og við hafið. Í kjölfarið af kynningu á dýrum hafsins valdi hvert barn sér ákveðið dýr sem það langaði að skapa.

Í vetur höfum við lesið mikið magn bóka og æft okkur að syngja hin ýmsu lög. Eftir því sem liðið hefur á árið þá höfum við reynt að þýngja texta á lögum og í bókum jafnt og þétt en þó í samræmi við aldur og þroska barnanna.

Foreldrasamstarf hefur verið gott í vetur. Í byrjun árs var foreldrakynning fyrir foreldra deildarinnar og var mæting góð. Þar var farið yfir komandi vetrarstarf. Ásamt því hafa tvö foreldrasamtöl verið haldin, annað að hausti og hitt að vori og nýttu foreldrar sér þau samtöl vel. Dagleg foreldrasamskipti hafa einnig verið góð þar sem upplýsingar fara milli starfsfólks og foreldra.

Starfsmannahald hefur verið nokkuð stöðugt og gott á Rauðudeild í vetur og hefur samstarf starfsmanna verið mjög gott.

Innra mat Rauðudeildar

Helstu niðurstöður úr innra mati eftir veturinn 2017-2018 komu nokkuð vel út. Þar kemur fram að starfsfólki á deildinni finnst líðan barnanna almennt vera góð, að börnin eru glöð og áhugasöm. Við vorum líka sammála um að reglur séu skýrar, samræmdar og að börnin þekkja þær og að þau séu þátttakendur í að búa til reglur þegar við á. Við erum almennt sammála um að áhersla er lögð á það sem börnin gera vel, að þau fái hvatningu og hrósa sem er ígrundað og að brugðist sé við krefjandi hegðun af fagmennsku. Ásamt því finnst okkur samtöl okkar við börnin vera uppbyggjandi og hvetjandi, að börnin fái tækifæri til að leysa sjálf úr ágreiningsmálum og að starfsfólk sýni sanngirni þegar það aðstoðar börnin við að leysa ágreiningsefni. Í tveimur atriðum af 12 fannst okkur verklag vera gott og að flestir þættir séu í samræmi við lýsingu á gæðastarfi. Það voru atriðin að milli barnanna ríki virðing og samkennd og að starfsfólk sé uppbyggjandi þegar það leiðbeinir börnum í samskiptum. Fyrir starfsárið 2018-2019 ætlum við því að leggja áherslu á þessi atriði.

Send var út foreldrakönnun um miðjan maí til foreldra um líðan barna þeirra á leikskólanum. Við fengum góðar undirtektir frá foreldrum en á Rauðudeild svöruðu 15 foreldrar af 18. Rauðadeild kom vel út úr könnuninni og gaman að sjá það sem við erum að gera vel. Auðvita er alltaf hægt að gera eitthvað betur og settum við það í umbótaráætlunina okkar. Við lögðum einnig nokkrar spurningar fyrir börnin um líðan þeirra og fengum við fimm börn til að standa undir svörum. Niðurstöður þeirra spurninga var að börnunum líður vel í leikskólanum, þeim fannst erfitt að leika í sandkassanum því þá kæmi sandur í útiskónna. Börnin voru öll sammála um að þau fengu í samráði við kennarana að búa til reglur og fá stundum að ráða líka í leikskólanum.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðil i	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópu r, safna gögnum).	Viðmið er gæðalýsing og
Samskipti barnanna.	Að virðing og samkennd ríki milli barnanna.	Leiðbeina börnunum í átt að góðum og farsælum samskiptum. Allt starfsfólk vinni eins. Vinavika tvisvar á önn.	Júní 2018 lokið júní. 2019.	Allir starfsmenn deildarinnar.	Yfirfarið aðra hverja viku á deildarfundi. Vina og samskipta samvera eða innlögn einu sinni í viku.	Aukin gleði, líðan og samkennd milli barnanna
Uppbyggjan di samskipti milli starfsfólks og barna	Að samskipti séu enn meira uppbyggjandi .	Gefum börnunum meiri tíma í samskiptum við starfsfólk. Gefa 10.	Júní 2018 lokið júní. 2019.	Allir starfsmenn deildarinnar.	Skráningar á 10 mín reglunni. Yfirfarið aðra hverja viku á deildarfundi, börn rædd og ákveðið hvaða barn þurfi mest á að halda meiri athygli og betri samskipti.	Innihaldsríkar i samræður milli starfsmanna og barna.

2.4 Greinargerð deildarstjóra Grænudeildar um starfið á síðasta ári

Starfið á Grænudeild hefur gengið vel í vetur. Við tókum upp nokkrar nýjungar í starfinu. Við færðum okkur frá hinu hefðbundna, skipulagða hópastarfi yfir í það að leyfa börnum að ráða för vinnunnar meira. Einnig unnum við mikið einstaklingsmiðað, leyfðum börnum að koma með hugmyndir af sínum eigin verkum og sinni eigin vinnu. Þetta gerðum við t.d. í vinnu með jólagjöf til foreldra og í þemavinnu um hafið. Þá fengu börnin hvert og eitt rými og tíma til þess að vinna með kennara. Þetta heppnaðist einstaklega vel og voru börnin, kennarar og foreldrar mjög ánægð með þessa vinnu. Við höfum líka markvisst unnið að því að auka barnalýðræði og sjálfstæði barnanna með því að draga úr kennarastýringu og auka meira val þeirra.

Starfsmannahald hefur verið ágætt á Grænudeild í vetur þó svo það hafi orðið mannbreytingar á miðjum vetri. Einnig hafa verið fjarvistir vegna náms og veikinda. En á heildina litið hefur þetta gengið vel.

Foreldrasamstarf hefur verið gott. Mikil og góð dagleg samskipti eru á deildinni svo og foreldraviðtöl tvisvar sinnum yfir veturinn. Einnig eru foreldrar duglegir að koma ábendingum til okkar og hafa verið duglegir að hrósa okkur fyrir gott starf.

Við metum líðan barnanna góða og þau hafa sýnt þessum breytingum jákvæð viðbrögð og við fáum þau svör líka frá foreldrum. Einnig hafa þessar breytingar aukið starfsánægju kennara, minnkað álag og streytu.

Innra mat Grænudeildar

Niðurstöður innramats á Grænudeild, varðandi líðan barnanna í leikskólanum, eru þær að starf deildarinnar samræmist fyllilega lýsingu á gæða starfi. Þetta kom fram í mati barnanna, starfsmanna deildarinnar svo og foreldra. Af þeim 12 atriðum sem starfsmenn deildarinnar máttu voru þeir sammála um að öll þau atriði samræmdust lýsingu á gæðastafi í leikskólanum. Börnunum líður vel, þau eru glöð og áhugasöm og það ríkir virðing og samkennd þeirra á milli. Barnið er haft í forgrunni í allri vinnu, þeim hrósað og þau hvött áfram á uppbyggjandi hátt. Það eru fáar reglur og barnalýðræði í hávegum haft. Börnin hvött til þess að leysa úr ágreiningi sjálf og fá leiðbeiningu þess efnis óski þau þess.

Góð svörun var í foreldrakönnuninni en 23 svör bárust (25 barna deild) og voru foreldrar mjög sammála eða frekar sammála í öllum spurningum um líðan barns þeirra í leikskólanum. Það kemur einnig fram í svörum barnanna að þeim líður mjög vel í leikskólanum.

Í ljósi niðurstaðana úr könnunum meðal foreldra, barna og starfsmanna á deildinni fannst okkur ekki nauðsynlegt að gera umbótaráætlun heldur metum við þennan lið aftur að ári og sjáum hvernig við stöndum þá. Auðvita höldum við áfram að ræða börnin, velferð og líðan þeirra og grípum inn í ef okkur finnst þörf á.

2.5 Greinargerð deildarstjóra Regnbogadeildar um starfið á síðasta ári

Veturinn 2017-2018 var síðasti vetur Regnbogadeildar. Áhersla var lögð á sjálfstæði, sköpun og læsi.

Við studdum við sjálfstæði barnanna í daglegum athöfnum með því að hvetja þau til sjálfshjálpar t.d. í matartímum, á salerni og í fataklefa. Við gáfum þeim rými til að prófa sig áfram, reka sig á og læra af reynslunni.

Sköpunin var stór partur af starfinu. Auk smærri verkefna yfir allan veturinn unnu börnin sínar jólagjafir til foreldra sinna sjálf, frá hugmynd að framkvæmd. Hitt stóra verkefnið var öskudagsbúningur. Þar var þema ákveðið með kosningu í desember og vinna að búningnum hófst strax eftir áramót. Börnin skipulögðu og framkvæmdu sjálf og nýttur var efniviður úr öllum áttum. Þau fengu að prófa sig áfram með efniviðinn, mistakast og leita lausna á vandamálum sem komu upp. Verkefnið var ótrúlega vel heppnað og afraksturinn glæsilegur hópur ánægðra dýra.



Eins og síðustu ár stjórnaði Olga skólahóp og læsisverkefni í samstarfi við skólana í hverfinu. Í ár ákváðum við að leggja minni áherslu á ritun og einbeita okkur meira að leikjum með stafi og orð (Orðaspjals aðferðin) Þessi breyting var til batnaðar, bæði var minna álag á kennurum og meiri gleði ríkti í skólahópunum. Börnin hafa svo samið og myndskreytt bækur og hefur það starf gengið mjög vel. Samstarfsverkefnið gekk líka vel og lauk með stórskemmtilegri sýningu á Borgarbókasafninu. Þar sköpuðu börnin í sameiningu gríðarstóran úlf og fékk sköpunargleði barnanna að njóta sín.

Innra mat Regnbogadeildar

Félagslegi þátturinn er óhjákvæmilega stór partur af starfinu á deild elstu barna. Við höfum lagt áherslu á að börnin fái tækifæri til að leysa úr sínum ágreiningsmálum sjálf. Við hvetjum þau til að tala saman og hlusta á hvert annað. Við höldum vinaviku sem gekk vel og var finnanlegur munur á samskiptum barnanna eftir hana. Við lásum auk þess bækur og áttum samtöl um falleg samskipti í samverustundum í vetur.

Samstarf kennaranna á Regnbogadeild í vetur hefur gengið mjög vel, við höfum náð að samræma vinnubrögð og áherslur í starfi. Við erum mjög sáttar við niðurstöðu innra mats, þar komu styrkleikar í starfinu í ljós. Viðbrögð foreldra hafa verið mjög góð og greinilegt að foreldrar og börn eru ánægð með starfið. Helsta gagnrýni í foreldrakönnun er fólgin í því hvernig tekið er á móti börnum á morgnana og við bregðumst að sjálfsögðu við því og reynum að gera betur.

Við lögðum nokkrar spurningar fyrir börnin og voru fimm börn sem stóðu undir svörum. Börnin voru öll sammála um að þeim liði vel í leikskólanum, það væri gaman að koma í leikskólann að hitta alla vini sína en stundum erfitt að koma þegar það er litó í boði. Það er stundum erfitt að kveðja mömmu og pabba en allt í lagi samt, sumum fannst erfitt að lita og erfitt að vera í samveru. Börnin voru flest sammála um að það væri gaman að tala við kennarana. Þau voru einnig sammála um að þau fengju stundum að ráða í leikskólanum og stundum að búa til reglur í samráði við kennarana.

Þar sem Regnbogadeild er að fara loka þá höfum við ekki gert neina umbótaráætlun en gaman að sjá og fara yfir það sem hefur gengið vel og hvað mætti gera öðruvísi og betur.

3 Ytra mat

3.1 Viðhorfskönnun meðal starfsmanna

Reykjavíkurborg sendir út á hverju ári viðhorfskönnun meðal starfsmanna. Tilgangurinn með viðhorfskönnuninni var að fá fram viðhorf starfsfólks til ýmissa þátta, svo sem starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarhátta. Reykjavíkurborg sendi könnunina á netfangið hjá öllum starfsmönnum sínum og henni því svarað rafrænt. Könnunin er nafnlaus og engum er skylt að taka þátt. Við úrvinnslu er þess að sjálfsögðu gætt að engin leið sé að rekja svör til fámennra hópa eða einstaka þátttakenda og farið verður með öll gögn sem trúnaðarmál.

Niðurstöður Gullborgar eru að enginn marktækur munur var frá fyrri könnun. En Gullborg kom mjög vel út úr þeirri könnun. Mesti munurinn á könnununum er að fleiri starfsmenn færa svör sín frá mjög sammála í frekar sammála. En greinilega mátti sjá mun í starfsörygginu, fleiri töldu sig ekki búa yfir starfsöryggi og að framtíð starfs þess væri ekki trygg. En það má rekja til lokunar á Regnbogadeild sem verður í haust. Einnig mátti sjá örlitla minnkun í tilgangi og metnaði og var það rætt á starfsdegi 11.maí 2018 þegar könnunin var kynnt.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safnagögnum)	Viðmið er gæðalýsing
Metnaður	Auka metnað starfsfólks.	Ræða við starfsfólk um símenntun og ábyrgð í starfi, reyna kveikja meiri áhuga. Gera símenntastefnu.	Ágúst 2018- í raun aldrei búið.	Leikskóla stjóri, deildastjórnar og allir aðrir starfsmenn.	Starfsmannaviðtöl. Handleiðsluviðtöl. Verkefni við hæfi. Deildarfundir. Starfsdagar.	Að metnaður hækki aftur í sama horf frá könnun 2017.



4 Greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

- Ingibjörg Jóna Hjaltadóttir gegnir stöðu sérkennslustjóra í Gullborg en hún hefur verið í veikindaleyfi síðastliðna mánuði. Anna Margrét Þrastardóttir gegnir því stöðu sérkennslustjóra tímabundið þangað til Ingibjörg Jóna kemur til baka.
- Veturinn 2017-2018 voru fjögur börn með úthlutaðan stuðning í Gullborg, allt frá tveimur tímum upp í sjö og hálfan tíma á dag. Skipta þrír starfsmenn stuðningshlutverkinu á milli sín.
- Allir starfsmenn á hverri deild fyrir sig koma að gerð einstaklingsnámskráa en deildarstjórar bera endanlega ábyrgð á gerð þeirra. Þær eru notaðar á leiðbeinandi hátt með því að tilgreina hvaða þætti á að leggja áherslu á hjá hverju barni fyrir sig. Einnig eru tilgreindar leiðir til að ná ákveðnum markmiðum.
- Þegar áhyggjur vakna af þroska barns er haft samband við foreldra/forráðamenn og fundur haldinn. Eftir samtal við foreldra eru viðeigandi próf og listar lagðir fyrir bæði barn og foreldra. Listarnir og prófin eru svo metin og tekin staðan hvert næsta skref er. Gott samstarf hefur verið við þjónustumiðstöð og höfum við bæði fengið til okkar sérkennslufulltrúa og hegðunarráðgjafa til að leiðbeina okkur og foreldrum með ýmis mál.
- Samvinna er mjög góð milli starfsmanna og sérkennslustjóra, mikil samskipti og góð samvinna. Allir geta leitað til sérkennslustjóra og hann getur einnig leitað til annarra starfsmanna ef þarf.
- Samstarf við foreldra/forráðamenn, teymisfundir og annar stuðningur til foreldra, fræðsla og ráðgjöf.
- Ekkert innramat fór fram hjá sérkennslunni þetta starfsár en stefnt verður að því skólaárið 2018-2019.

5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Fjölmennning í Gullborg

- Gullborg vinnur eftir [fjölmenningarstefnu Reykjavíkurborgar](#). Markmið þeirrar stefnu er að bjóða uppá fjölbreytta kennsluhætti sem taka mið af margbreytileika mannlífsins, styðja við virkt tvítyngi og samstarf við foreldra. Lögð hefur verið áhersla á snemmtæka íhlutun í málörvun og um leið og barn byrjar hjá okkur svara foreldrar spurningalistum um bakgrunn.
- Starfsfólk hefur fengið fræðslu og ráðgjöf varðandi fjölmenningarlegt leikskólastarf bæði frá Miðju máls og læsis og einnig frá Fríðu B. Jónsdóttur sem er verkefnastjóri í fjölmenningarlegu leikskólastarfi.



Íslenska sem annað mál og virkt tvítyngi

- Með þeim tvítyngdu börnum sem þurfa á málörvun að halda hefur verið unnið með bókina *Ljáðu mér orð* sem er myndræn orðabók.
- Málörvun barna er fléttuð inn í starfið þannig að starfsmenn eru meðvitaðir um að orða daglegar athafnir með börnunum en á þann hátt verða bein tengsl milli daglegrar reynslu barnsins og málþroskans.
- Mismunandi aðferðir eru notaðar til þess að dýpka orðaforða og er lestur bóka þar mjög mikilvægur og samtöl við barnið. Einnig er starfsfólk duglegt að endurtaka það sem barn segir, útvíkka og bæta við orðum. Dæmi um það er ef að barn bendir á bíl og segir „bíll“ þá endurtekur starfsfólk og segir t.d. „já þarna er stóri rauði bíllinn“. Þá er einnig reynt eftir fremsta megni að spyrja opinna spurninga sem krefjast svars í formi setninga en ekki einungis já eða nei svars.
- Ýmsar leiðir eru farnar til að fylgjast með framförum barna með annað móðurmál en íslensku. Notast er við [skráningarblað](#) frá heimasíðunni [Tungumál er gjöf](#) ásamt því að málþroskaprófið Orðaskil er notað sem vinnuþagg til þess að fylgjast með framförum í orðaforða. Einnig er notast við skráningarlistann Tras sem er listi sem gerir leikskólakennurum kleift að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna.

Samskipti við foreldra

Samskipti við foreldra eru jafn mismunandi og þeir eru margir. Reynum við alltaf að leita eftir sem bestu samskiptaleiðunum og höfum við notast við nokkrar í gegnum tíðina. Núna t.d. erum við með samskipta síðu í gegnum facebook þar sem við hlöðum niður myndum og segjum frá því sem barnið er að gera í leikskólanum og foreldrar gera slíkt hið sama heima við. Við höfum einnig notast við samskiptabækur sem virka á svipaðan hátt og facebook síðan fyrrnefnda.

Aðlögun nýrra barna og foreldra á leiksólann byrjar alltaf með upphafsviðtali. Gullborg hefur útbúið sér spurningalista og aðlögunaráætlun fyrir foreldra og börn með annað móðurmál en íslensku. Leikskólinn nýtir sér tulkapjónustu fyrir upphafsviðtöl, foreldraviðtöl og aðlögun ef þarf.

Leikskólinn hefur frumkvæði á samstarfi við foreldra um eflingu læsis. Kennarar upplýsa foreldra um nám barnanna og framfarir í máli og læsi í daglegum samskiptum og í skipulögðum foreldraviðtölum.

Kennarar leiðbeina foreldrum barna með annað móðurmál en íslensku um mikilvægi móðurmáls og hvernig leikskólinn og foreldrar geti í samvinnu stuðlað að virku tvítyngi. Foreldrar geta fengið lánaðar heim bækur eða annað efni sem örvar mál- og læsi barna.



Það er í okkar verkahring að stuðla að því að foreldrum líði vel og finnist að þeirra sé þörf. Dagleg samskipti er ein af okkar helstu leiðum til góðra foreldrasamskipta, bjóða góðan daginn, kveðja og segja stuttlega frá degi barnsins í leikskólanum. Allar upplýsingar sem fara frá leikskólanum hvort sem það er í tölvupósti, á upplýsingatöflu eða annað eru einnig á erlendu tungumáli sem hentar hverjum og einum.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtölin fara fram í janúar og febrúar ár hvert. Samtölin eru um. 1 klst. og lögð áhersla á notalegt samtal yfirmanns og starfsmanns þar sem farið er yfir sterkar og veikar hliðar og væntingar starfsmanns til starfsþróunar. Starfsmenn fá undirbúningsblað viku fyrir dagsett viðtal.

Í starfsþróunarviðtölunum 2019 verður lögð meiri áhersla á ábyrgð starfsmanna að fylgja eftir símenntunar áætlun sinni sem þeir leggja drög að í starfsþróunarsamtölum.

Símenntun frá síðasta ári (námskeið, fræðsla / ráðstefnur)

Þrír skipulagsdagar fóru í námskeið / fyrirlestra fyrir alla starfsmenn, það var skyndihjálparnámskeið á vegum Vinnuverndar, fyrirlestur um grunnþætti menntunar umsjón Kristín Hildar Ólafsdóttir Leikskólaráðgjafi/verkefnistjóri-skólanámskrá SFS og Fríða B. Jónsdóttir var með fyrirlestur um fjölmennningarlegt leikskólastarf.

Sérkennslustjórinn í Gullborg var með fræðslu um þætti er snúa að sérkennslu, fræðsla um þróunarverkefnið Heilsueflandi leikskóli sem ábyrgðaraðilar í Gullborg tóku að sér.

Leikskólastjóri:

Mastermind, stuðningshópur fyrir leikskólastjóra er snúa að faglegum málefnum

Fyrirlestur um yngstu börnin

Tók þátt í vinnustofu um Heilsueflandi leikskóli á vegum Landlæknisembættisins

Vinna við menntastefnu á vegum SFS

Markviss og uppbyggileg endur gjöf f. leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, Ingibjörg Gísladóttir

Námskeið í streitustjórnun á vegum SFS

Ráðstefna fyrir starfsfólk leikskóla Reykjavíkurborgar, Lýðræði, sjálfsefning og þátttaka barna í leikskólastarfi

Ráðstefna starfsþróun kennara og skólastjórna leikgrunn-og framhalds- og tónlistarskóla á vegum KÍ.

Aðstoðarleikskólastjóri:

Námskeið í streitustjórnun á vegum SFS

Námskeið um innra mat á vegum SFS

Eccera ráðstefna

Deildastjórar:

Námskeið um innra mat á vegum SFS

Tras-námskeið

Gott námsumhverfi fyrir yngstu börnin

Eccera ráðstefna

Snemmtæk íhlutun, Talþjálfun Reykjavíkur

Fræðsla miðja máls og læsi,

Skólaheimsókn til Brighton

Kvíði ungra barna og unglunga

Heimsóknir í aðra leikskóla

Leiðbeinendur:

Tveir starfsmenn fóru á fagnámskeið 1 og 2 á vegum Eflingar.

Einn starfsmaður er í fjarnámi í leikskólakennarafræðum.

Einn starfsmaður er í fjarnámi í grunnskólakennarafræðum.

Matráður:

Námskeið um ofnæmi og mataróþol hjá börnum.

Aðstoð í eldhúsi:

Kláraði matsveinanám frá Menntaskólanum í Kópavogi.

Áætlun um símenntun í leikskólanum (Áætlun um símenntun/ út frá áherslum úr umbótaáætlun, áherslum leikskólans og starfsþróunarsamtölum)

Handleiðsla fyrir deildarstjóra sem mannauðstjórar SFS munu sjá um

Fræðsla / námskeið í starfsaðferðum Gullborgar, markmið og leiðum

Önnur fræðsla

Námferð erlendis fyrir alla starfsmenn er fyrirhuguð dagana 2-3 maí 2019.

7 Foreldrasamvinna

Foreldraráð

Í Gullborg er starfandi foreldraráð samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008. Kosið er í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélags Gullborgar á haustin. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldrafundir

Kynningafundur fyrir foreldrar á leikskólastarfinu veturinn 2018-2019 var dagana 17-20. september frá kl. 9.30-10.30. Leikskólastjóri, deildarstjóri og aðrir starfsmenn funda með foreldrum hverjar deildar fyrir sig og kynna starfsmenn, faglegt starf, foreldrafélag og önnur mál er varða leikskólastarf.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl að hausti er dagana 5-9. nóvember. Foreldraviðtöl að vori eru dagana 1. apríl til 8. apríl. Á skipulagsdegi þann 20. október og 16. mars undirbúa starfsmenn allra deilda foreldraviðtölin. Deildarstjóri ber ábyrgð á viðtölunum og er hvert viðtal um 20 mínútur.

Foreldrafélag

Í Gullborg er starfandi foreldrafélag.

Allir foreldrar eru meðlimir í foreldrafélagi Gullborgar. Á kynningafundum fyrir foreldra á haustin eru kosnir 2 fulltrúar foreldra af hverri deild, þeir kjósa sér formann, gjaldkera og ritara. Leikskólastjóri og einn starfsmaður sitja fundina eftir þörfum. Stjórn foreldrafélagsins fundar síðasta miðvikudag hvers mánaðar, eða með tölvupóst samskiptum og Facebook.

Markmið félagsins er að vinna að sameiginlegum hagsmunum barna, foreldra og starfsmanna og efla tengsl foreldra við leikskólann. Einnig að styðja við ýmis málefni varðandi starfsemina og standa að uppákomum sem eru börnum, foreldrum og starfsmönnum til gagn og gamans.

Lög og vinnureglur foreldrafélags Gullborgar

1. Nafn félagsins heitir foreldrafélag Gullborgar
2. Félagar eru foreldrar og forráðamenn barna í Gullborg
3. Markmiðið er að auka samskipti og samstarf foreldra, barna og starfsamanna.
4. Stjórn félagsins er kosin á aðalfundi á haustin sem hefur að skipa 2 foreldra /forráðamenn á hverri deild og 1 starfsmann af leikskólanum.

Í júní 2016, að frumkvæði foreldra, var Hollvinafélag Leikskólans Gullborgar stofnað. Tilgangur félagsins er að styðja við skólastarfið með fjáröflun og með hvaða hætti sem kann að koma að gagni. Þrír foreldrar sitja í stjórn þessa félags og halda alfarið utan um tilgang þess.

8 Samstarf leik- og grunnskóla

Samstarf leik- grunnskóla og frístundastarfs 2018-2019 Gullborg er við Grandaskóla og frístundaheimilið Undraland og tvo leikskóla Grandaborg og Ægisborg.

Tengiliðir eru:

Gullborg, Olga Sigrún Olgeirsdóttir

Grandaskóli, Inga Sigurðardóttir

Grandaborg, Kolbrún Ólöf Harðardóttir

Ægisborg, Margrét Sigurðardóttir

Undraland, Martin Bruss Smedlund

Tengiliðir funda í byrjun október og ákveða hvaða verkefni skulu unnin í samstarfi fyrir veturinn 2018-2019. Fundað er reglulega yfir veturinn og fundagerð rituð.



Áætlun vetrarins 2018-2019

Október 2018

1. bekkur fer ásamt kennurum sínum í heimsókn á grenndarleikskólana. Þeim verður skipt í þrjá hóp og heimsækja „sína“ leikskóla. Þau börn sem komu úr öðrum leikskólum fara með börnum úr Ægisborg.

Leikskólabörnin koma í heimsókn á skólasafn Grandaskóla, þar verður lesið fyrir þau og þau fá að skoða bækur og farið í stutta skoðunarferð um skólann. Heimsóknirnar taka u.þ.b. 40 mínútur.

Desember, 2018

Leikskólabörnunum boðið á helgileik hjá 1.bekk.

Febrúar 2019

Leikskólahóparnir og 1.bekkur velja sér sameiginleg verkefni og kynna fyrir hinum í samverustund allra hópanna í Grandaskóla.

Mars, 2019

Leikskólabörnin koma í heimsókn í 1.bekk. Allir búnir að vinna verkefni á sínum heimavelli. Grunnskólabörnin og leikskólabörn vinna að sameiginlegu verkefni tengt sögubókinn. Sameiginlegt lokaverkefni sem verður sett upp á Barnamenningarhátíðinni 2019

Apríl, 2019

Leikskólabörnin koma í sérgreinatíma í grunnskólanum með nemendum í 1. bekk/2bekk. Gullborg fer í íþróttir, Granda- og Ægisborg í tónmennt.

Granda- og Ægisborg heimsækja Undraland um leið og Gullborg síðar.

Mái, 2019

Hefðbundin leikskólaheimsókn. Vætanlegir nemendur koma í skólann, fá að sitja í tíma, fara í frímínútur, samsöng o.fl.

Samstarfsverkefni

Gullborg, Grandaborg, Ægisborg og Grandaskóli fengu úthlutað úr Þróunarsjóði skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur 2015-2018 til að innleiða samfellu í námi barnanna milli skólastiga tengt læsi. Markmiði var að auka samvinnu og samræma vinnulag til hagsbóta fyrir þau börn sem stunda nám í skólunum. Þeirri samvinnu og samræmingu teljum við okkur hafa náð og er þetta samstarf komið til að vera, [lokaskýrsla læsi í leiðinni](#).

9 Skipulagsdagar 2018-2019.

22.ágúst: Haustönn skipulögð og undirbúin (skólasetning í Grandaskóla).

28.september: Námskeið

19.október: Foreldraviðtölin undirbúin (vetrarfrí í Grandaskóla).

2.janúar: Vorönn skipulögð og undirbúin (jónafrí í Grandaskóla).

2-3 maí: Námsferð erlendis.

10 Fylgigögn

Leikskóladagatal

10.1 Matsgögn

Langtímaáætlun innramats með fyrirvara um breytingar

Viðfangsefni	2018-2019	2019-2020	2020-2021	2021-2022
Stjórnun:				
Stjórnandar sem faglegir leiðtogar, þróun gæðastarfs deildastjóra og yfirmanna.	x			
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur				
Leikskólaþróun, símenntun og innra mat				
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf:				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám- Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna				
Námssvið leikskólans				
Leikskóli án aðgreiningar/leikskóli margbreytileikans				
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður:				
Hlutverk leikskólakennara				
Fagmennska starfsfólks				
Starfsánægja				
Leikskólabragur:				
Viðmót og menning	x			
Velferð og líðan barna				x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun		x		
Viðhorf foreldra			x	
Innra mat:				
Skipulag og viðfangsefni				
Gagnaöflun og vinnubrögð				
Opinber birting og vinnubrögð				
Opinber birting og umbætur				

10.2 Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs Gullborgar vegna starfsáætlunnar skólaárið 2018 – 2019

Leikskólinn Gullborg hefur tekið stenfuna á að virkja og styrkja sjálfstæði, ábyrgð sem sjálfsöryggi nemenda sinna svo hver fái tækifæri til að taka sér pláss og hafa áhrif eins og sést glögglega á leiðarljósum leikskólans í starfsáætlun 2018 – 2019. Að auki er þessi stefna rauður þráður í gegnum starf hvernar deildar þar sem hvers kyns nám og örvun er gerð í gegnum uppbyggingu og styrkingu sjálfsins í hverju barni þar sem barnið fær að hafa áhrif á framvindu námsins. Með þessum hætti teljum við að samskipti allra hlutaðeigandi hafi batnað hvort sem um ræðir milli barna, starfsfólks og barna, starfsfólks eða foreldra og starfsfólks. Afleiðan er aukin samstaða og gleði í leik og starfi.

Starfsáætlun fyrir árið 2018 -2019 er ætlað að halda þessum góða þræði áfram og hlúa að barninu með sjálfstyrkingu, frelsi og örvun samskipta eins og sést í umbótaáætlun hvernar deildar sem skólans í heild. Styrkja mætti samskiptin ennþá meira með innleiðingu kraftmeira foreldrasamstarfs.

Aðstæður hafa ekki alltaf verið eins og best verður á kosið í starfi leikskólans og mætti þar helst nefna hinn hvítleiða mennekludraug sem vofir yfir leikskólum borgarinnar sem þann efnivið sem þarf til að framfylgja fögrum menntastefnum. Leikskólinn Gullborg fær enn eitt höggið þegar húsnæði Regnbogadeildar, elstu deildar leikskólans verður fært undir frístund Grandaskóla. Sem leiðir til þessa að fækka þarf um heila deild, neita börnum um pláss á leikskólanum og segja upp starfsfólki á leikskólanum. Hið síðast nefnda hefur ekki gerst í 30 ára sögu leikskólans. Frístund þarf meira rými, á því liggur enginn vafi, en að það sé á kostnað annarrar menntastofnunar sem lifir þegar við þröngan kost og rými er undarleg niðurstaða og teljum við að aðrir kostir hefðu verið fýsilegri. Taka skal fram að foreldrar barna á leikskólanum Gullborg eiga eða hafa flest átt börn sem nota þessa frístund í Grandaskóla.

Gullborg mun þó halda ótrauð áfram sem fjögurra deilda leikskóli með samstilltan hóp starfsfólks og sterkan barnahóp með rödd og pláss til að hafa áhrif á framtíðina.

f.h foreldraráðs

Davíð Freyr Þórunnarson

Anna Hrefna Ingimundardóttir

F. h. leikskólans .

Rannveig Júníana Bjarnadóttir

5.7.2019

Leikskólastjóri

Dagsetning